

stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 4.000.00. Ber skipuðum talsmanni stefnanda, Gunnari Þorsteinssyni hrl., kr. 3.800.00 af þeirri fjárhæð í málf lutningslaun.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurður Magnússon Blöndal, greiði stefnanda, Símoni Sigmundssyni, kr. 33.333.33 auk 6% ársvaxta frá 21. maí 1955 til greiðsludags og kr. 4.000.00 í málskostnað. Ber skipuðum talsmanni stefnanda, Gunnari Þorsteinssyni hrl., kr. 3.800.00 af málskostnaðinum í málf lutningslaun.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 11. marz 1958.

Nr. 163/1957. **Skipasmíðastöðin Dröfn h/f**
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)

og

Byggingarfélagið Þór h/f

gegn

Benedikt Sveinssyni

og gagnsök

(Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 30. september 1957, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. október s. á. Þeir krefjast þess, að dæmdar skaðabætur og málskostnaður í héraði verði fært niður og að aðiljum verði dæmt hverjum að bera kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 11. október

1957, gagnáfrýjað málinu með stefnu 18. s. m. Hann krefst þess, að aðaláfrýjendum verði in solidum dæmt að greiða honum kr. 156.464.90 með 6% ársvöxtum frá 28. september 1953 til greiðsludags og hæfilegan málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjendur hafa fyrir Hæstarétti játað því að greiða gagnáfrýjanda in solidum skaðabætur, og er því nú einungis deilt um fjárhæðir.

Rétt þykir að ákveða skaðabætur handa gagnáfrýjanda þannig:

| | |
|--|----------------|
| 1. Bætur fyrir orkumissi og röskun á stöðu og högum, að frádregnum kr. 24.245.90 frá Tryggingastofnun ríkisins | kr. 100.000.00 |
| 2. Bætur fyrir þjáningar | — 20.000.00 |
| 3. Bætur fyrir aðkeypta vinnu við að reisa íbúðarhús | — 6.000.00 |

Samtals kr. 126.000.00

Frá þessari fjárhæð dragast áður greiddar — 3.800.91

Kr. 122.199.09

Ber að dæma aðaláfrýjendur til þess in solidum að greiða gagnáfrýjanda þessa fjárhæð ásamt vöxtum, eins og í héraðsdómi greinir og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 18.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Skipasmiðastöðin Dröfn h/f og Byggingafélagið Þór h/f, greiði in solidum gagnáfrýjanda, Benedikt Sveinssyni, kr. 122.199.09 ásamt 6% ársvöxtum frá 28. september 1953 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. apríl 1957.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 23. þ. m., hefur Benedikt Sveinsson skipasmiður, Urðarstíg 3, Hafnarfirði, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 3. september 1956, gegn Skipasmíðastöðinni Dröfn h/f og Byggingarfélaginu Þór h/f, báðum í Hafnarfirði, til greiðslu in solidum á skaðabótum að fjárhæð kr. 188.564.39 auk 6% ársvaxta frá 28. september 1953 til greiðsludags og málskostnaði eftir mati dómarans.

Stefndu hafa báðir aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara að krafa stefnanda verði lækkuð og málskostnaður látinn niður falla.

Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f, hér í bæ, er stefnt til réttargæzlu í málinu, en síðargreind bifreið, G 582, var váttryggð hjá því tryggingarfélagi. Á hendur réttargæzlustefnda eru ekki gerðar kröfur í málinu, og hann hefur engar kröfur gert.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 28. september 1953 stóð yfir viðgerð á vestari hafskipabryggjunni í Hafnarfirði. Hafði stefndi Skipasmíðastöðin Dröfn h/f framkvæmd viðgerðarinnar á hendi, en hún var aðallega í því fólgin, að endurnýjuð voru uppistöðutré bryggjunnar. Þar sem tré þessi voru bæði þung og löng, en þurftu að rekast lóðrétt niður, var fallhamarsstaur, 9 metra háum, komið fyrir á bryggjubrúnni. Skammt frá stóð vörubifreiðin G 582, sem þannig var útbúin, að togvindu var komið fyrir framan á henni. Lá vír frá togvindu þessari í gegnum blökk á undirstöðu fallhamarsstausins og þaðan í aðra blökk í toppi hans. Enda vírsins var fest í tréð, sem reka skyldi niður, og síðan var það dregið upp í fallhamarsstaurinn, en á honum var fallhamar, sem tréð var rekið niður með. Sá endi hvers bryggjustaus, sem niður vissi, var léttari en efri endinn. Til þess að halda léttari endanum niðri, er staurinn var dreginn upp, var böndum brugðið um þann enda, en þrír menn héldu í böndin. Var stefnandi einn þeirra. Togvindunni var stjórnað með lítilli stöng af manni, sem sat inni í stýrishúsi bifreiðarinnar, en togvindan var í beinu sambandi við hreyfil hennar. Um kl. 15,11 umræddan dag, þegar verið var að draga eitt tréð upp í fallhamarsstaurinn, varð það slys, að togvindan „gaf eftir“ og tréð féll niður á bryggjuna. Lenti það á stefnanda og Guðmundi nokkrum Jónssyni, sem ásamt honum og þriðja manni hélt í bönd þau, sem brugðið var um léttari enda stausins. Féll stefnandi við þetta

á bryggjuna, en Guðmundur í sjóinn. Hlutu báðir mikil lemstur, en þriðji maðurinn, Þorvarður Magnússon, slapp ómeiddur.

Vitnið Haukur Jónsson, sem sat í stýrishúsi G 582 og stjórnaði togvindunni framan á bifreiðinni, skýrir svo frá, að umræddur staur hafi verið kominn í um 3 metra hæð frá bryggjunni, er eitthvað hafi skyndilega „gefið eftir“ í togvindunni með þeim afleiðingum, að staurinn féll viðstöðulaust niður á bryggjuna aftur. Hafi staurinn oltið fram af bryggjunni og stanzað á landfestum báta, er bundnir voru við bryggjuna. Vitnið kveðst hafa dregið staurinn hægt upp og öruggt sé, að stöngin, sem togvindunni er stjórnað með, hafi ekkert hreyfzt, en þótt svo hafi verið, hefði staurinn allt að einu ekki átt að geta hrapað niður viðstöðulaust. Vitnið kveðst hafa dregið staurinn upp á bryggjuna aftur eftir slysið og hafi þá ekki annað verið að sjá en togvindan væri í lagi. Hafi það oft áður dregið þyngri hluti með togvindunni en staur þenna, en eigi borið á bilun í henni fyrr.

Vitnið Þorvarður Magnússon, sem fyrr var nefnt, skýrir svo frá, að böndum hafi verið brugðið á tveim stöðum utan um þann enda umrædds staur, sem niður átti að snúa. Kveðst vitnið hafa haldið í það bandið, sem nær var miðju staurisins, en því hafi verið brugðið um hann um það bil miðja vegu frá enda að bandi því, sem staurnum var lyft með. Kveðst vitnið hafa átt að toga staurinn til hliðar, er hann væri kominn í fulla hæð. Annað band hafi verið um staurinn næstum út við enda hans, sem vitnið kveðst halda, að stefnandi hafi haldið í, en stefnandi og fyrrnefndur Guðmundur Jónsson hafi átt að halda enda staurisins niðri við bryggjudekkið. Vitnið kveður þá féлага alla hafa staðið fast við staurinn og hafi það og stefnandi verið landmegin við hann. Vitnið kveðst telja, að staurinn hafi verið kominn í um 2 metra hæð um miðjuna, er hann féll niður. Kveðst það hafa séð, hvernig hann lenti á stefnanda. Hafi hann fyrst komið í höfuð honum, svo að stefnandi kiknaði, en síðan lent á baki hans. Þá hafi bryggjupolli tekið höggið af og varnað því, að stefnandi kremdist undir staurnum. Er vitni þetta var innt eftir því við réttarrannsókn út af slysinu, hvers vegna bandið, sem staurnum var lyft með, var ekki bundið um staurinn nær þeim endanum, sem upp átti að snúa, til þess að ekki þyrfti að halda hinum endanum niðri, svaraði vitnið því til, að með því móti hafi ekki verið hægt að koma staurnum nægjanlega hátt, til þess að unnt væri að reka hann gegnum gat það á bryggjudekkinu, sem hann átti að fara niður um.

Stefnandi skýrir svo frá, að hann hafi staðið landmegin við

staurinn og haldið um spotta, sem festur var um hann um það bil miðja vega frá miðju staurins að enda hans. Hafi hann snúið baki að enda staurins, en þeir Guðmundur og Þorvarður hafi staðið fyrir aftan hann. Kveðst stefnandi hafi verið að bregða spottanum, sem hann hélt í, um polla á bryggjunni til þess að hafa betur vald á staurnum, en í sömu andrá hafi staurinn fallið niður.

Lögreglan í Hafnarfirði fól tveim sérfróðum mönnum, Jóhanni Ólafi Jóssyni og Magnúsi Kristjánssyni vélsmiðum, að framkvæma skoðun á umræddri togvindu. Skoðunargerð þeirra, dagsett 29. september 1953, er svohljóðandi:

„Við undirritaðir höfum í dag skoðað spil framan á bifreiðinni G 582 og athugað orsök þess, að spilið slakaði sér í hífingu.

Orsökina teljum vér eftir nákvæma athugun þá, að slit er í koplíngu tromlunnar. Koplíngararmurinn var örugglega settur fastur, svo að spilkoplingin gat ekki opnast sjálfkrafa, en vegna slitsins hefur hún spennzt frá.“

Þegar eftir slysið var stefnandi fluttur í sjúkrahúsið í Hafnarfirði, en tveim dögum síðar var röntgenmynd tekin af baki hans. Sýndi myndin brot á 1. lendalið. Lá stefnandi tæpa tvo mánuði í sjúkrahúsinu, útskrifaðist 27. nóvember og hafði þá haft fótavist í rúma viku. Kveðst hann lengst af hafa orðið að liggja alveg hreyfingarlaus á tréfleka. Í vottorði Bjarna Snæbjörns-sonar lækni, dagsettu 6. marz 1953, segir m. a. á þessa leið um meiðsli stefnanda og batahorfur:

„... Slasaði hefur notið nuddaðgerðar frá því um miðjan nóv. og er svo enn. Hann hefur ekki verk í bakinu, en stirðleika við beygingar í því og stundum verk innarlega í h. mjöðm og upp eftir, sem sennilega stafar af þessari skekkju í hryggnum. Hann á bágt með að beygja sig fram vegna stirðleika um brotstaðinn ...“

Hinn 18. september 1956 var stefnandi skoðaður af Bergþóri Smára lækni. Í vottorði lækni þessa, dagsettu sama dag, segir á þessa leið um meiðsli stefnanda:

„Hann (stefnandi) segist þreytast fljótt og fá þá verki í bak, einkum hægra megin í hrygg frá mjaðmarkambi upp að herðablaði. Honum finnst hann vera styrkari í bakinu en hann var, er ég skoðaði hann síðast (25. apríl 1955), en að öðru leyti er ástand hans óbreytt að sögn.

Við skoðun sést dálítil hryggskekkja (dextroconvex) í brjóst-

liðum. Hreyfingar í baki mega heita eðlilegar, er hann hreyfir sig með gætni. Sinaviðbrögð á ganglimum eru eðlileg.

Röntgenmynd var tekin í Landspítalanum 18. okt. 1954 og sýndi, að efsti lendaliður hafði brotnað og fallið saman að framan, en virtist vera gróinn. Liðurinn mældist 14 mm lægri að framan en að aftan.

Ekki þykir mér líklegt, að ástand slasaða muni taka miklum breytingum frá því, sem nú er, og telja verður, að hann eigi óhægara með að vinna erfiðisvinnu en áður var.“

Varanlega örorku stefnanda af völdum slyssins metur læknirinn 15%.

Hinn 21. febrúar 1957 mat sami læknir örorku stefnanda allt frá slyssdegi til þess tíma, er hann telur, að einungis fari að gæta hinnar varanlegu örorku hans.

Metur hann örorkuna þannig:

| | |
|--|------|
| Frá 28. sept. 1953 til 30. nóv. 1953 | 100% |
| Ffrá 1. des. 1953 til 31. marz 1954 | 60% |
| Frá 1. apríl 1954 til 31. des. 1954 | 30% |

Úr því 15% varanleg örorka.

Stefnandi er skipasmiður að iðn og mun hafa unnið að þeirri iðn, er hann slasaðist. Að ráði læknis tók hann ekki til við það starf að nýju, er hann varð aftur vinnufær eftir slysið, um miðjan maí 1954, heldur réðist til starfa á pósthöfnunni í Hafnarfirði, þar sem hann starfar enn.

Í vottorði Bjarna læknis Snæbjörnssonar, dagsettu 23. febrúar 1957, segir, að stefnandi finni lítið til við vanalegan vinnudag í þessu starfi, en hafi hann langan vinnudag, þurfi að standa mikið eða vera mikið á rölti, komi verkir og þreyta í bakið. Þá er þess og getið í vottorði þessu, að stefnandi treysti sér ekki til þess að taka upp þunga hluti.

Er framangreint slys varð, var stefnandi starfsmaður stefnda Skipasmíðastöðvarinnar Drafnar h/f, en meðstefndi Byggingarfélagið Þór h/f, var eigandi bifreiðarinnar, sem notuð var. Telur stefnandi vafalaust, að báðir þessir aðiljar beri sameiginlega fábótaábyrgð á öllu því tjóni, er hann beið við slysið. Eru kröfur hans í málinu á því byggðar. Við munnlegan málflutning hinn 23. þ. m. lækkaði stefnandi fjárhæð stefnukröfunnar í kr. 181.250.20. Svo vaxna sundurliðar hann kröfu sína þannig:

| | | |
|---|-----|------------|
| 1. Bætur vegna missis eftirvinnu 4 fyrstu vikurnar eftir slysið | kr. | 539.40 |
| 2. Atvinnutjón vegna örorku | — | 128.052.00 |
| 3. Bætur vegna aðkeyptrar vinnu við byggingu íbúðarhúss | — | 12.658.80 |
| 4. Þjáningabætur | — | 40.000.00 |

Samtals kr. 181.250.20

Stefndi Skipasmíðastöðin Dröfn h/f reisir sýknukröfu sína á því, að leitt sé í ljós, að orsök slyssins hafi verið slit í „koplingu“ togvindurnnar framan á bifreiðinni. Á hinn bóginn verði slysið á engan hátt rakið til gáleysis eða vanrækslu starfsmanna fyrirtækisins. Eigendum bifreiðarinnar, meðstefnda Byggingarfélaginu Þór h/f, hafi átt að vera ljóst, að bifreiðin var biluð, er hún var seld á leigu, og hafi honum borið að vekja athygli á því. Þetta hafi hann vanrækt, en með því að leynd þannig bilun þessari á togvindunni, beri hann alfarið fébótaábyrgð á slysinu. Varakröfu sína í málinu kveðst þessi stefndi reisa á því, að til greina geti komið, að fébótaábyrgð á slysinu verði skipt milli hans og meðstefnda Byggingarfélagsins Þórs h/f.

Stefndi Byggingarfélagið Þór h/f reisir sýknukröfu sína í málinu fyrst og fremst á því, að meðstefndi hafi haft alger umráð bifreiðarinnar, er slysið varð, og ráðið ökumann á hana. Samkvæmt því og með vísun til 35. gr. bifreiðalaganna beri hann því einn ábyrgð gagnvart stefnanda á tjóni því, er stefnandi kunni að hafa beðið. Í öðru lagi sé ósannað, að slysið hafi orðið vegna galla á bifreiðinni, að minnsta kosti hafi hún verið ógölluð, er meðstefndi fékk hana í hendur. Í þriðja lagi er á það bent, að reglur bifreiðalaganna komi hér ekki til álita, þar sem hér sé ekki um notkun bifreiðar að ræða í skilningi 1. mgr. 34. gr. þeirra laga. Að lokum er því haldið fram af þessum stefnda, að stefnandi hafi sjálfur sýnt af sér nokkurt gáleysi með því að horfa ekki til staursins, er hann var dreginn upp í umrætt sinn.

Báðir stefndu hafa sérstaklega mótmælt því, að þeir beri in solidum fébótaábyrgð gagnvart stefnanda á tjóni því, er hann kunni að hafa beðið við slysið.

Með skírskotun til fyrrgreindrar álitsgerðar hinna sérfróðu manna, sem ekki er véfengd, þykir nægjanlega fram komið, að rekja megi orsök slyssins til slits í öryggistæki (koplingu) togvindunnar framan á bifreiðinni.

Svo sem fyrr greinir, hafði stefndi Skipasmíðastöðin Dröfn h/f

framkvæmd verksins á hendi og forráðamenn fyrirtækisins sáu um alla tilhögun þess, en stefnandi var starfsmaður þess fyrirtækis. Er því ótvírætt, að þessi stefndi beri sem atvinnurekandi óskipta ábyrgð á slysinu gagnvart stefnanda, enda hafa engin rök verið leidd að þeirri málsástæðu, sem báðir stefndu hafa hreyft, að stefnandi hafi að einhverju leyti sjálfur átt sök á því, hvernig fór. Þess var áður getið, að stefndi Byggingarfélagið Þór h/f átti togvinduna og bifreið þá, sem henni var komið fyrir á. Hafði fyrirtækið selt meðstefnda tæki þessi á leigu gegn endurgjaldi. Stóð sá leigumáli frá því verkið hófst hinn 9. september 1953, þar til því lauk í október s. á. Þegar það er haft í huga, hve hér var um stuttan tíma að ræða og með skírskotun til þess, sem áður sagði um orsök slyssins, og þegar þess enn er gætt, en eigi er sýnt fram á, að bilun sú í togvindunni, sem um ræðir, verði rakin til neins konar misnotkunar á henni af hendi starfsmanna stefnda Drafnar h/f eða mistaka af hendi manns þess, er stjórnáði henni í umrætt sinn, þá þykir verða að fallast á það með stefnanda, að stefndi Þór h/f beri einnig gagnvart honum óskorað fébótaábyrgð á tjóni því, er hann beið, enda verður eigi talið, að umráð meðstefnda Drafnar h/f yfir bifreiðinni byggi út þeirri ábyrgð.

Verða nú einstakir liðir í kröfu stefnanda teknir til athugunar.

Um 1.

Stefnandi er talinn fæddur 23. marz 1926 og hefur því verið 27 ára að aldri, er hann slasaðist. Eigi er annað fram komið í málinu en hann hafi verið heilsuhraustur fyrir slysið.

Samkvæmt vottorði skattstjórans í Hafnarfirði, dagsettu 12. september 1956, voru nettó-atvinnutekjur stefnanda árin 1950—'53 þessar: Árið 1950 kr. 30.950.00; árið 1951 kr. 34.600.00; árið 1952 kr. 36.200.00 og árið 1953 kr. 37.171.00 (þar af munu kr. 629.00 vera fjölskyldubætur).

Hinn 17. marz 1957 gerði Guðjón Hansen tryggingafræðingur útreikning á atvinnutjóni stefnanda, miðað við slyssdag og á grundvelli framangreinds örorkumats, dags. 21. febrúar 1957. Er útreikningurinn miðaður við tvenns konar tekjugrundvöll: A. Umreiknaðar tekjur árána 1951—52 og B. Umreiknaðar tekjur tímabilsins 5. október 1950 til 5. október 1953. Reiknast honum verðmæti tapaðra atvinnutekna samkvæmt því vera, sem hér greinir:

| | A | B |
|------------------------------|--------------|--------------|
| Tímabilið 28/9 '53—30/11 '53 | kr. 6.523.00 | kr. 6.983.00 |
| — 1/12 '53—31/3 '54 | — 7.646.00 | — 8.184.00 |
| — 1/4 '54—31/12 '54 | — 8.513.00 | — 9.112.00 |
| Eftir það | — 96.941.00 | - 103.773.00 |

Samtals kr. 119.623.00 kr. 128.052.00

Er hærri fjárhæðin krafa stefnanda samkvæmt þessum kröfulið.

Önnur atriði í reikningsgrundvellinum en að framan greinir eru 6% ársvextir og dánarlíkur íslenskra karla á árunum 1941—'50.

Fram er komið í málinu, að stefnandi hefur fengið greiddar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slyssins. Nemur fjárhæð bóta þessara samtals kr. 24.245.90 og sundurliðast þannig: dagpeningar kr. 6.444.90 og örorkulífeyrir, sem greiddur hefur verið í eitt skipti fyrir öll, kr. 17.801.00.

Báðir stefndu hafa mótmælt fjárhæð þessa kröfuliðs sem of hárrí.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, svo og öðrum atriðum, er hér skipta máli, þykir hæfilegt að taka kröfulið þennan til greina með kr. 90.000.00. Hafa þá framangreindar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins verið dregnar frá.

Um 2.

Stefnandi fékk greitt kaup frá atvinnurekanda sínum fjórar fyrstu vikurnar eftir slysið. Nam kaup þetta, sem miðað var við dagvinnu eingöngu, kr. 3.619.91. Þá fékk stefnandi greitt orlofsfé fyrir þetta tímabil, kr. 181.00, eða samtals kr. 3.800.91. Auk þessa telur stefnandi, að sér beri jafnframt eftirvinnukaup fyrir greint tímabil, miðað við 5 stunda eftirvinnu á viku. Reiknar hann tímakaupið fyrir eftirvinnu kr. 26.97. Fæst þannig fram fjárhæð þessa kröfuliðs.

Báðir stefndu mótmæla því, að stefnandi eigi rétt á nokkrum bótum samkvæmt þessum kröfulið.

Svo sem áður greinir, er útreikningur tryggingafræðingsins, sem stefnandi reisir á fjárhæð 2. kröfuliðs, miðaður við slyssdag. Af því leiðir, að atvinnutjón stefnanda tímabil það, sem hér um ræðir, er reiknað með. Að svo vöxnu máli þykir bera að vísa þessum kröfulið á bug, en á hinn bóginn ber að draga frá bótum til stefnanda kaup það og orlofsfé, sem hann samkvæmt framansögðu hefur fengið greitt fyrir þetta tímabil.

Um 3.

Fyrir fjárhæð þessa kröfuliðs er gerð sú grein í stefnu, að um sé að ræða bætur vegna vinnu, er stefnandi kveðst hafa orðið að kaupa til íbúðarhúss, sem hann hafi haft í smíðum á þeim tíma, er hann slasaðist, en allmikinn hluta þessarar vinnu kveðst hann sjálfur mundu hafa innt af hendi utan reglulegs vinnutíma, hefði hann ekki slasast. Reiknar hann aðkeypta vinnu af þessum sökum 527 klukkustundir á kr. 24.40 hverja klukkustund. Til stuðnings þessum kröfulið hefur verið lagt fram í málinu vottorð, dagsett 29. desember 1954 og undirritað af Sigurjóni nokkrum Jónssyni. Kveðst maður þessi hafa unnið við hús stefnanda á tímabilinu 1. október 1953 til 19. febrúar 1954 að múrverki o. fl. Hafi hann unnið 235 klukkustundir á kr. 24.40 hverja og 461 klukkustund á kr. 22.16 hverja, eða alls 696 klukkustundir samtals á kr. 15.961.96. Kveðst hann telja, að hefði stefnandi ekki orðið óvinnufær af völdum slyssins, myndi hann sjálfur hafa unnið um 107 klukkustundir af framangreindri vinnu. Þá liggur og frammi í málinu reikningur, undirritaður af Albert Kristins. Er reikningur þessi fyrir vinnu við húsið Fögrukinn 12 (þ. e. hús stefnanda) frá október 1953 til júlí 1954, samtals 420 klukkustundir. Engin fjárhæð er tilgreind á reikningi þessum. Frekari gögnum en nú voru rakin er kröfuliður þessi ekki studdur.

Stefndu véfengja ekki, að stefnandi hafi átt íbúðarhús í smíðum á þessum tíma, en hafa á hinn bóginn báðir eindregið mótmælt því, að kröfuliður þessi eigi nokkurn rétt á sér.

Þrátt fyrir mótmæli stefndu þykir verða að fallast á það með stefnanda, að honum beri bætur samkvæmt þessum kröfulið, þar sem telja verður líkur fyrir því, að hann hefði auk atvinnu sinnar unnið eitthvað að byggingu hússins, hefði hann ekki slasast, og með því sparað sér að einhverju leyti aðkeypt vinnuafli. Ekki þykir þó fært að taka kröfulið þenna til greina að fullu. Þykir hæfilegt að áætla tjón stefnanda samkvæmt honum kr. 4000.00.

Um 4.

Stefndu hafa báðir mótmælt kröfulið þessum sem allt of háum.

Hér að framan var lýst meiðslum stefnanda og afleiðingum þeirra. Með hliðsjón af því, sem þar greinir, þykir hæfilegt að taka kröfulið þenna til greina með kr. 18.000.00.

Samkvæmt framansögðu teljast bætur til stefnanda í máli

Þessu hæfilega ákveðnar kr. 112.000.00 (kr. 90.000.00 + kr. 4.000.00 + kr. 18.000.00). Frá þeirri fjárhæð ber að draga greiðslur þær, sem atvinnurekandi hans hefur þegar innt af hendi upp í tjón hans, en þær nema, svo sem fyrr greinir, kr. 3.800.91. Mismuninn, kr. 108.199.09, verða stefndu in solidum dæmdir til að greiða stefnanda, auk vaxta, svo sem krafizt er.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem með hliðsjón af framlögðum reikningi yfir útlagðan kostnað hans í málinu, ákveðst kr. 10.000.00. Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndu, Skipasmíðastöðin Dröfn h/f og Byggingarfélagið Þór h/f, greiði in solidum stefnanda, Benedikt Sveinssyni, kr. 108.199.09 auk 6% ársvaxta frá 28. september 1953 til greiðsludags og kr. 10.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 11. marz 1958.

Nr. 164/1957. **Skipasmíðastöðin Dröfn h/f**

og

Byggingarfélagið Þór h/f

(Benedikt Sigurjónsson hrl.)

gegn

Guðmundi Jónssyni

og gagnsök (Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 30. september 1957, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. október s. á. Þeir krefjast þess, að dæmdar skaðabætur og málskostnaður í héraði verði fært niður og að aðiljum verði